

# Lög

## um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19 12. febrúar 1940 (barnaklám).

1. gr.

Við 210. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Hver sem hefur í vörslu sinni ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilega hluti sem sýna börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt skal sæta sektum. Sömu refsingu varðar að hafa í vörslu sinni ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilega hluti sem sýna börn í kynferðisathöfnum með dýrum eða nota hluti á klámfenginn hátt.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997.

*Samþykkt á Alþingi 10. desember 1996.*